

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík



Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 11. júlí 2019

**Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja (ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.)**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin), hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu um breytingu á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 1. júlí sl.

Hin fyrirhugaða lagasetning hefur það að markmiði að greiða fyrir orkuskiptum í samgöngum. Það er í samræmi við stefnu stjórnvalda í þeim efnum, sbr. einnig aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum 2018-2030 sem miðar að því að Ísland geti staðið við markmið Parísarsamningsins til 2030 og markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040.

Lagasetningin er tímabundin og eru áformin eftirfarandi:

- Heimild til að endurgreiða byggjendum og eigendum íbúðarhúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna við uppsetningu hleðslustöðva í íbúðarhúsnæði.
- Heimild til handa byggjendum og eigendum íbúðarhúsnæðis til fullrar endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa á hleðslustöðvum í íbúðarhúsnæði.
- Heimild til bílaleiga og handhafa leyfa til að stunda eignaleigu og/eða fjármögnunarleigu til endurgreiðslu/undanþágu frá virðisaukaskatti af útleigu á ökutækjum sem fallið hafa undir ívilnun á grundvelli bráðabirgðaákvæðis XXIV. laga um virðisaukaskatt.

Af umfjöllun um áformin inni á samráðsgátt má ráða að fyrirhugaðar lagabreytingar muni einungis fela í sér skattaívilnanir í þremur nánar tilgreindum tilvikum. Það er þó ekki að fullu ljóst af gögnum inni á samráðsgátt hvort að um frekari breytingar sé að ræða, í samræmi við skýrslu starfshóps um endurskoðun skattlagningar ökutækja og eldsneytis. SA skiluðu umsögn um drög að fyrrgreindri skýrslu. SA ítreka það sem þar kom fram að nauðsynlegt er að kerfisbreytingar vegna skattlagningar ökutækja leiði alls ekki til aukinnar skattheimtu og að þess verði sérstaklega gætt við lagasetningu að ekki verði raskað samkeppnisstöðu atvinnulífsins, einstakra greina þess og fyrirtækja. SA telja hins vegar jákvætt að skattlagning verði markvissari og skilvirkari, lagaumhverfið einfaldað og löggjöfin geð aðgengilegri í framkvæmd.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir